

Hugsað til framtíðar

Skilaboð íbúapings í Hvalfjarðarsveit 2013

*“Hugsa um það helzt og fremst,
sem heiðurinn má næra“*

H.P.

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| Samantekt..... | 1 |
| 1. Inngangur | 2 |
| 2. Er að takast vel | 3 |
| 3. Má gera betur | 3 |
| 4. Frábærar hugmyndir og vel varðveitt leyndarmál | 4 |
| 5. Framtíðarferðin | 5 |
| 6. Samstaða og samfélag..... | 6 |
| 7. Sveitarfélag og stjórnsýsla..... | 7 |
| 8. Umhverfi og ásjúnd | 8 |
| 9. Íþróttir og tómstundir | 9 |
| 10. Eldri borgarar | 9 |
| 11. Atvinnumál og uppbygging | 10 |
| 12. Samgöngur, stígar og öryggi..... | 11 |
| 13. Skólamál og dagvistun..... | 12 |
| 14. Ferðaþjónusta og menning | 13 |
| 15. Ímynd og sjálfmynd | 14 |
| 16. Eitt sveitarfélag, mörg svæði..... | 15 |
| 17. Stórir draumar | 16 |
| 18. Hvert er verkefnið? | 17 |
| 19. Að lokum | 18 |

SAMANTEKT

Á íbúáþing í Hvalfjarðarsveit mættu um 7% íbúa, eða um 40 manns, sem tóku þátt í líflegri umræðu undir yfirskriftinni „Hugsað til framtíðar“. Undirtitillinn var, “Hugsa um það helzt og fremst, sem heiðurinn má næra“ og þar vitnað til Hallgríms Péturssonar.

Fram fór umræða í litlum hópum með Heimskaffi – fyrirkomulagi auk þess sem þátttakendur brugðu sér í „framtíðarferð“ til ársins 2023 og loks settust allir þinggestir í hring og ræddu saman.

Þegar spurt var um hvað er að takast vel í Hvalfjarðarsveit bar hæst í hugum þátttakenda, lagningu ljósleiðara og það hvernig búið er að æskunni, sérstaklega í skólamálum. Einnig var hrósað fyrir sorpflokkun.

Margvíslegar ábendingar komu um það sem hægt er að gera betur, s.s. að jafna aðstöðu innan sveitarfélagsins varðandi heitt og kalt vatn, bæta samgöngur og umferðaröryggi og huga að umhverfismálum, sérstaklega mengunarmælingum vegna starfsemi á Grundartanga. Kallað var eftir aukinni samstöðu, meðal íbúa og innan sveitarstjórnar og rætt um hvernig auka megi tengslin milli íbúa og sveitarfélagsins.

Fram kom metnaður í umhverfismálum og varðandi ásýnd. Slík áhersla er, að mati þátttakenda þáttur í því að auka lífsgæði íbúa og skapa jafnvægi í ímynd Hvalfjarðarsveitar, vegna stóriðjunnar.

Áhugi er á að stuðla að fjölgun íbúa, með auknu framboði á húsnæði, og fjölbreyttara atvinnulífi. Þannig fengju fleiri að njóta þeirra gæða sem Hvalfjarðarsveitin býður. Skólinn getur tekið á móti fleiri nemendum en mæta þarf þörfum fyrir dagvistun barna útí vinnandi foreldra. Hugsa þarf að þjónustu við eldri borgara.

Kallað var eftir bættum samgöngum og umferðaröryggi og göngu- og hjólastígum, m.a. til að tengja Melahverfi og Heiðarskóla.

Ánægja er með vaxandi ferðaþjónustu í Hvalfjarðarsveit og aðkomu sveitarfélagsins að henni. Möguleikar til eflingar eru miklir, sérstaklega út frá náttúru og sögu.

Draumur um samverustað var sterkur og nefndir tveir möguleikar, íþróttahús og útivistarparadís í nágrenni Fannahlíðar.

Íbúar Hvalfjarðarsveitar eiga sér ósk um sterkari samfélagsvitund og nefndu m.a. sameiginleg verkefni sem íbúar gætu tekið virkan þátt í. Fram kom ánægja með að sveitarstjórn skyldi boða til þessa íbúáþings og áskorun um að halda áfram á þeirri braut.

Út frá umræðu á íbúáþinginu virðist sem komið sé að ákveðnum þátttaskilum, að Hvalfjarðarsveit verði til sem eitthvað stærra og meira en samanlagðir fjórir hrepparnir sem sveitarfélagið varð til úr, fyrir sjö árum.

Búsetugæði í Hvalfjarðarsveit eru mikil, en þau eru önnur en í þéttbýlinu og svo mun verða áfram.

Ef til vill er komið að því að íbúar og sveitarstjórn spyrji sig hvað Hvalfjarðarsveit ætlar að verða „...þegar hún verður stór“. Þétt samfélag með sterka jákvæða ímynd, eða margar ósamstæðar einingar? Hversu margir íbúar? Sjálfstætt sveitarfélag eða sameinast öðrum?

Í lok þessarar samantektar er fjallað um möguleg næstu skref í málum sem geta styrkt stöðu Hvalfjarðarsveitar inn á við og út á við, samkvæmt skilaboðum íbúáþingsins. Þetta eru ímynd, samastaður, húsnæðis- og atvinnumál, skipulagsmál, menning og saga og þátttaka íbúa.

Skilaboð þingsins má orða svo: Stöndum betur saman og þá náum við margfalt betri árangri.

1. INNGANGUR

Sunnudaginn 1. september 2013, var haldið íbúáping í Hvalfjarðarsveit. Yfirskrift þingsins var: „Hugsað til framtíðar og undirtitillinn, “Hugsa um það helzt og fremst, sem heiðurinn má næra“, þar sem vitnað var til Hallgríms Péturssonar.

Samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar var markmið íbúáþings það að fjalla „...um helstu málefni sveitarfélagsins, þar sem íbúar fá tækifæri til að koma að sínum hugmyndum og ábendingum um þróun samfélagsins til lengri og skemmri tíma. Þannig verði skapaður vettvangur fyrir gagnvirka þátttöku íbúa og mun sú vinna og niðurstöður hennar verða mikilvægur grunnur til framtíðarstefnumótunar sveitarfélagsins.“

Þingið var haldið í Heiðarskóla og stóð frá kl. 11 – 14.30. Hátt í 40 manns tóku þátt, eða nær 7% íbúa, sem verður að teljast góð mæting. Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri setti þingið. Síðan fóru fram umræður í litlum hópum með svokölluðu Heimskaffi-fyrirkomulagi. Þar ræddu þátttakendur málin út frá einni spurningu: „Hvar er okkur að takast vel og hvar mætti gera betur?“ Í vegarnersti fylgdu leiðarljós úr Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020 og Framtíðarmarkmið, samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins. Hóparnir skráðu afrakstur umræðunnar á stór blöð á borðunum og að loknum 3 umferðum, þar sem fólk flutti sig milli borða, tók hver hópur saman sínar niðurstöður og var auk þess kallað eftir „frábærum hugmyndum“. Því næst ímynduðu þátttakendur sér að þeir gætu stökkið 10 ár fram í tímann og að þá hefði Hvalfjarðarsveit tekist að skapa sér sess sem framsækið sveitarfélag. Hver var lykillinn að þessum árangri? var spurt og skrifaði hver og einn svör sín við þeirri spurningu niður á blað. Því næst voru tekin „viðtöl“ við nokkra viðstadda. Í lok þings fóru svo fram „hringborðsumræður“ með öllum viðstöddum, þar sem ýmis mál voru krufin og hugmyndir mótuðust frekar. Loks gátu

þinggestir sett miða í kassa þar sem á stóð „Best varðveitta leyndarmál Hvalfjarðarsveitar“.

Gögnin sem fengust á íbúáþinginu eru tvíþætt. Annars vegar er það sem umræðuhópar komu sér saman um sem sínar niðurstöður og um þau atriði verður að teljast nokkuð góður samhljómur. Hins vegar eru punktar frá einstaklingum, í „framtíðarferð“. Þá er einungis um álit og ábendingar viðkomandi að ræða og ekki hægt að fullyrða að um þau atriði hafi verið samhljómur, þó svo kunni vissulega að vera.

Í stýrihópi fyrir íbúáþingið sátu Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri og tveir fulltrúar úr sveitarstjórn, Sævar Ari Finnbogason og Arnheiður Hjörleifsdóttir.

Starfsmenn Ildis voru Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Ingi Hans Jónsson.

Ljósmyndir í þessari samantekt eru frá Ildi.



2. ER AÐ TAKAST VEL

Hvað er að takast vel?, var spurt. Tvennt stóð uppúr að mati þátttakenda, verkefni sveitarfélagsins um lagningu ljósleiðara og að vel er búið að æskunni. Þar var sérstaklega nefnt aðbúnaður og aðstaða skólabarna, bæði leik- og grunnskóla og einnig fékk skólinn hrós fyrir umhverfismennt. Þá þykir sorpflokkun í Hvalfjarðarsveit vera að takast vel og einnig var sameining sveitarfélaganna nefnd.

Þetta voru skilaboð umræðuhópa og var sterkur samhljómur á þinginu um þessi atriði.

Önnur atriði sem skráð voru á blöð í samræðum hópanna voru:

- Skólaakstur.
- Nemendur komast með skólabíl á Akranes í tómstundir.
- Kennsluáferðir og spjaldtölvur í skólanum.
- Umhverfi skólamála hefur verið bætt.
- Gott að það eru miklar íþróttir í skólanum.
- Endurbætur á leikskólalóð.
- Stuðningur sveitarfélagsins við ferðaþjónustu.
- Þjónustustig gott miðað við dreifbýlissveitarfélag.
- Halda íbúðing – árlega.
- Fasteignagjöld fyrir eldri borgara og almennt.

3. MÁ GERA BETUR

Það sem hér fer á eftir byggir á skilaboðum umræðuhópa um hvað þeir töldu mega gera betur.

Bent var á að jafna þurfi aðstöðu og gæði innan sveitarfélags varðandi heitt og kalt vatn og samgöngur. Samgöngur almennt voru þátttakendum ofarlega í huga og var kallað eftir stefnu í umferðarmálum, bættum samgöngum og betra umferðaröryggi. Fram komu draumar um uppbyggingu hjólastíga, þar sem byrja mætti á tengingu Melahverfis og Heiðarskóla.

„Tryggja þarf örugg loftgæði og rannsóknir af óháðum aðilum“, var m.a. sagt varðandi umhverfismál tengd starfseminni á Grundartanga og töldu einhverjir að sveitarfélagið ætti að beita sér í því að krefjast hlutlausra mengunarmælinga og þá jafnvel út fyrir þynningarsvæði. Hluti fundargesta taldi að bæta mætti þjónustu við fjölskyldur, sérstaklega varðandi gæslu og kallað var eftir frekari uppbyggingu íþrótt- og tómstundastarfs í sveitarfélaginu. *„Auka þarf fjölbreytileika í atvinnulífi og tryggja að það sé eftirsóknarvert að búa hér“*, sagði einn hópur.

Samstarf og bætt samlyndi bar oft á góma og voru skilaboðin þessi: *„Meiri samvinnu og einingu innan stjórnsýslunnar sem svo smitar út í samfélagið“*.

4. FRÁBÆRAR HUGMYNDIR

OG VEL VARÐVEITT LEYNDARMÁL

Þessum frábæru hugmyndum komu þátttakendur á framfæri:

- Auka sjálfbærni á öllum sviðum sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagið gefur öllum heimilum taupoka til nota til innkaupa. „Hvalfjarðarsveit umhverfisvænn vettvangur“ (merkja innkaupapokana þannig). Á sama tíma jákvæð auglýsing fyrir sveitarfélagið.
- Halda unga fólkinu í sveitarfélaginu með betra aðgengi að húsnæði (leiguhúsnæði) og betri þjónustu.
- Ímynd Hvalfjarðarsveitar.
- Platínuhringurinn. Samkeppni við Gullna hringinn.
- Persónukjör í sveitarstjórn.
- Íbúar horfi í það sem sameinar frekar en sundrar. 😊
- Huga að framtíðarskipulagi sveitarinnar. Byggðamál (litlir skikar fyrir íbúðir), atvinnumál (annars konar atvinnuuppbygging). Marka stefnu.

Þetta rataði á blað yfir best varðveittu leyndarmálin:

- Saga svæðisins.
- Grjóthleðsla í fjörunni hjá Miðhúsum, Innri Akraneshreppi.
- Reynisréttin.
- Paradísarlaut í Botnsdal.
- Hléseyjarhof.
- Prentsmiðjan á Beitistöðum / Leirárgörðum.
- Gönguleið yfir Skarðsheiði.



5. FRAMTÍÐARFERÐIN

Þátttakendur á þinginu voru beðnir um að ímynda sér að hægt væri að fara í tímaflakk. Nú væri komið árið 2023 og Hvalfjarðarsveit hefði náð eftirtektarverðum árangri í því að vera framsækið sveitarfélag, eins og segir í leiðarljósi aðalskipulags sem gildir til ársins 2020. Hver og einn skrifaði síðan niður þá mynd sem viðkomandi sá fyrir sér. Þessi atriði voru ekki rædd í hópum, heldur eru einstaklingsbundin.

Punktarnir um það sem getur talist almennt, fara hér á eftir, en það sem tilheyrir tilteknum málaflokkum, fylgir í viðkomandi köflum.

Úr framtíðarferð 2023

Unnum í að skapa einstaka einingu jákvæðs samfélags, þar sem allir tóku höndum saman að því að gera Hvalfjarðarsveit að einstöku samfélagi. Íþróttir, heilbriggt lífferni, menntun, námskeið, hamingjusöm, kraftmikil heild.

Íbúum hefur fjölgað og nemendur í grunnskólanum orðnir 110. Gerðist það vegna skólastarfsins og fjölgunar á leiguhúsnæði.

Skólamál, menning, umhverfi, skipulag, félagsmál, öldrun

>> 1. Sveitarstjórnin stillti saman strengina og lagði ágreiningsmál til hliðar.
2. Íbúar tóku jákvætt á móti og litu á jákvæða þætti.

Sveitin er blómleg og iðandi af lífi.

Vel er búið að barnafólki og ungu fólki með húsnæðisframboði, framsæknum og vel menntandi skólum og hreinu lofti.

Í Hvalfjarðarsveit er gott að búa.

Fjölbreytt mannlíf.


Nýttum mannauðinn.

Betri þjónusta.

Það eru 2 myndir sem ég sé:

Fyrsta myndin er blómstrandi samfélag sem byrjaði að þróast í góða átt eftir íbúáþing sem haldið var 1/9 2013. Þar komst fólk að því hvað það hafði margt sameiginlegt og fór að vinna að þróun sveitarinnar á jákvæðan hátt.

Hin myndin er status quo þar sem allir sátu í sínu horni og ekkert skeði nema afturhvarf og niðurníðsla.



6. SAMSTAÐA OG SAMFÉLAG

Út í gegnum allt þingið var lögð mikil áhersla á aukna samstöðu. Sameining sveitarfélaganna sem mynduðu Hvalfjarðarsveit, gerði það að verkum, að mati þátttakenda, að hægt var að bæta þjónustu við íbúa, tæknivæðing er að aukast og aðstaða til kennslu er orðin til fyrirmyndar. Þetta eru góðir „nágrannar“, en þó þurfi að draga úr hrepparíg.

Fram kom þörf fyrir að íbúar vinni saman að verkefnum í þágu heildarinnar og sagði einhver „Við hjálpuðumst að hér í gömlu sveitarfélögunum“. „Komum saman í framkvæmdir“, sagði annar. Var þá bent á að hjá Skógræktarfélagi Skilmannahrepps er unnið í sjálfboðavinnu á þriðjudagskvöldum og voru allir boðnir velkomnir.

Það þarf, sögðu þátttakendur á íbúapönginu að „...auka samvinnu, skilning og jákvæðni“.

Úr framtíðarferð 2023

Við ákváðum að vinna saman sem heild, urðum samheldnara samfélag.

Samstaða og skipulag þróaðist í sveitarfélaginu, milli einstaklinga, fyrirtækja og stjórnsýslu.

Öflugt samfélag með jákvæðum samheldnum íbúum.

Við fórum að stefna öll í sömu átt. Toga saman alla þræðina.

Lagt upp með að allir vinni að sama marki.

Vel hugsað um innviði samfélagsins. Allir eru mikilvægir.

Mikilvægt að íbúar kynnist og vilji búa til gott samfélag. Hvað skiptir máli í lífinu?

Hittast 4 – 6 sinnum á ári í hópeflisverkefnum / vinna saman að einhverju uppbyggjandi fyrir samfélagið.

Samverukvöld eins og elda mat saman og borða saman.

Samskiptasiða innan/fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Íbúar þurfa sjálfir að taka meira frumkvæði og vera jákvæðari í staðinn fyrir að hugsa um flest framfaramál og félagsmál eins og styrkumsókn.

Öllum líður vel í samfélaginu hvort sem þú ert nýbúi í þessu sveitarfélagi eða átt stóra fjölskyldu hér". Allir eru velkomnir í þessu samfélagi.

Sérstakur metnaður lagður í að huga að þörfum og þjónustu við eldri borgara.

Með samheldni og hlustað á fólkið. Unga fólkið, framtíð þess. Hvernig það vill sjá sveitarfélagið. Hugsað um samheldnina, ekki bara sinn eigin rass. Og þá tekst vel ef við hugsum svona og hlustum á allar raddir og reynum að koma þessu á framfæri. Af því að peningarnir hjá þessu sveitarfélagi hafa verið meiri en annars staðar og þess vegna eigum við að vera í fararbroddi.



7. SVEITARFÉLAG OG STJÓRNSÝSLA

Hvalfjarðarsveit varð til við sameiningu fjögurra hreppa „Sunnan Skarðsheiðar“ árið 2006, eða fyrir 7 árum. Á íbúðinginu var rætt um að komið sé að ákveðnum þáttaskilum, að Hvalfjarðarsveit verði til sem eitthvað stærra og meira en samanlagðir fjórir hrepparnir sem sveitarfélagið varð til úr.

Nokkrar umræður urðu um sambandið milli íbúa og sveitarfélagsins og birtist gagnrýni í þeim orðum að sveitarstjórnin sé fyrir fólkið en ekki öfugt og að fulltrúar í nefndum „...passi sig að þeir eru ekki strax sérfræðingar í málefnum“.

Hins vegar var minnt á að þetta eru ekki „við og þau“, eða eins og einhver orðaði það: Sveitarfélag er „...fólkið á þessu afmarkaða landsvæði“. Einnig var bent á að í stað þess að gera eingöngu kröfur á sveitarfélagið, mættu íbúar spyrja sig „Hvað get ég lagt til sveitarfélagsins?“

Umræður á þinginu benda til þess að bæta megi samstarf í sveitarstjórn innbyrðis og innan stjórnsýslunnar. Einhverjir töldu að upptaka á fundum sveitarstjórnar væri ekki til bóta og var rætt um verkferla og upplýsingaflæði. Þá var spurt: „Hvaða form viljum við hafa við næstu sveitarstjórnarkosningar?“

Sameiningu við önnur sveitarfélög bar á góma og var annars vegar talað um nágrennasveitarfélög almennt og hins vegar var Borgarbyggð nefnd sérstaklega.

Úr framtíðarferð 2023

Eftir 20 ára reynslu, sýnir það sig að öllum íbúum finnst þeir skipta máli í uppbyggingu sveitarfélagsins og vilja hér búa. Því skarar þetta sveitarfélag fram úr öðrum á landinu.

Skýr stefna í sveitarstjórnarmálum og fulltrúar í sveitarstjórn vinna sem „einn“ maður.

Eigum í góðu samstarfi við nágrennasveitarfélög og jafnvel búið að sameina.

Hvalfjarðarsveit sendir einu sinni á ári óskalista til allra íbúanna – óháð aldri. Markmið sveitarfélagsins er að uppfylla sem flestar óskirnar, er þó háð því að þurfa að tengjast málefnum þess; „Ég óska þess að hitt og þetta verði gert o.s.frv.“

Persónukjör tekið upp 2014 sem hefur eft samstarf kjörinna fulltrúa til muna.

Endurskoðun á starfsmönnum stjórnsýslunnar.

Með því að hleypa yngra fólki að í pólitíkina og fagna nýjum hugmyndum eða allavega ræða af opnum hug.

Unnum saman að sveitarstjórnarmálum. Allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Gömlu oddvitarnir sem voru í forsvari fyrir hreppunum fjórum eru hættir öllu hagsmunapotí og farnir að spila vist á Höfða.

Með því að fjölga íbúðingum (4x á ári) og tala meira saman.

Þurftum ekki að safna skuldum.

Sveitarfélagið hefur þá sérstöðu að búa við rúman fjárhag og það hefur nýtt fjármagnið í þágu íbúanna.

8. UMHVERFI OG ÁSÝND

Umhverfismál voru mikið til umræðu á íbúapinginu. Þátttakendum var umhugað um að Hvalfjarðarsveit geti verið umhverfisvænt sveitarfélag þar sem áhersla er lögð á að íbúar og gestir fái notið náttúrufrægur og fallegrar ásýndar, líka í hinu manngerða umhverfi. Umhverfisfræðslu í Heiðarskóla var hrósað og lýstu ýmsir þátttakendur áhuga á að sjálfbærni væri sett í öndvegi í sveitarfélaginu. Var þar meðal annars vísað til almennrar vitundar um umhverfismál.

Það þarf því ekki að undra að fram kom mikill metnaður fyrir því að mengunarvarnir og –mælingar vegna starfsemi á Grundartanga séu eins góðar og kostur er og reyndar einnig vísað til mengunar frá annarri starfsemi, án þess að hún væri tilgreind sérstaklega.

Velt var upp þeim möguleika að sveitarfélagið hefði milligöngu um hlutlausar mengunarmælingar. Bent var á að hefta þurfi útbreiðslu Skógarkerfils og loks var nefnd sú hugmynd að bjóða styrki til að hvetja til fegrunar umhverfis.



Úr framtíðarferð 2023

Allir meðvitaðir og áhugasamir um umhverfismál.

Metnaður lagður í ásýnd sveitarfélagsins.

Hreint loft.

Mengunarlaust svæði.

Umhverfismál; niðurgreiðsla á rafbílum, flokkun, endurvinnsla.

Grænt, blómstrandi og fallett umhverfi.

Plöntuðum trjám.

Það var settur góður hreinsibúnaður á iðjuverin á Grundartanga.

Ekkert nýtt fyrirtæki sem hefur mengandi starfsemi hefur verið sett á stofn í sveitarfélaginu síðan árið 2013.

Umhverfismál hafa verið tekin til gagn Gerrar skoðunar á jákvæðan hátt.

Með stanslausum sjálfbærniáróðri.

Með því að kenna unga fólkinu þetta í skólanum og síðan drifu þau þetta áfram.

Nutum þess að eiga mjög fallega náttúru.

Góðar mengunarvarnir hafa skapað Hvalfjarðarsveitinni gott orðspor sem útivistarsvæði og fólk sækir hingað í lífræna ræktun og lífrænt kjöt, sé einnig fyrir mér margs konar verslunarstarfsemi.

Þetta sveitarfélag er vel sett fjárhagslega og þetta er eina sveitarfélagið í heiminum þar sem allir íbúarnir eru á rafbílum. Og þetta var gert þannig að sveitarfélagið styrkti íbúana til að kaupa rafbíla til að vera umhverfisvæn.

9. ÍPRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR

Þátttakendur lýstu þörf fyrir og áhuga á auknu framboði af fjölbreyttri afþreyingu. Nokkrar leiðir voru nefndar í því sambandi.

Mest var rætt um draum um íþróttahús og/eða endurskoðun íþróttamannvirkja og þá bæði vísað til heilsueflingar og samveru. Íþróttahús eða bætt íþróttaaðstaða gæti þjónað öllum aldurshópum, að mati þeirra sem um ræddu.

Þá var rætt um möguleika á félagsmiðstöð fyrir alla hópa og sérstaklega kallað eftir félagsaðstöðu í Melahverfi og þar áttu sér einhverjir draum um körfuboltavöll.

Margir töldu að virkja ætti ungmennafélagið betur.

Úr framtíðarferð 2023

Ný íþróttamiðstöð hjálpaði fólki að kynnast og ná betri heilsu.

Nýtt íþróttahús tekið í notkun.

Miklu meiri samvinna eftir bættu íþróttaaðstöðu og fleiri möguleika í aldurstengdri íþróttaiðkun (bogfimi, boccia, borðtennis, badminton).

Mikil þróun í íþróttum og félagslífi á svæðinu.

10. ELDRI BORGARAR

Ýmsum voru málefni eldri borgara hugleikin og rætt um mikilvægi þess að sinna þörfum þessa aldurshóps þannig að sómi sé að.

Meðal annars var nefnt að sinna þurfi grunnþörfum og heimsóknum. Viðruð var sú hugmynd að bjóða lífeyrisþegum lægri fasteignagjöld.

Kallað var eftir að starf félagsmálafulltrúa verði meira og getur sú ábending varðað fleiri málaflokka en eingöngu eldri borgara.

Loks var bent á að snjallt væri að ræða við eldri borgarana sjálfa um hvaða aðstöðu og þjónustu þeir þurfa.

Enginn punktur kom sérstaklega um þjónustu við eldri borgara í framtíðarferðinni.



11. ATVINNUMÁL OG UPPBYGGING

Á þinginu birtist löngun til þess að íbúum fjölgi í sveitarfélaginu og að staða þess og ímynd eflist. Því varð nokkur umræða um atvinnu- og húsnæðismál.

Einn hópur velti fyrir sér kostum og göllum við búsetu í Hvalfjarðarsveit og taldi kostina helst vera þá að þetta er stutt frá þéttbýli, það er góð þjónusta við barnafólk, góðar tengingar, t.d. internet, góður skóli og íþróttastaða og góð skilyrði varðandi opinber gjöld. Helstu gallar voru taldir þeir að bæta þurfi strætisvagnaferðir og gatnakerfi.

Umræðan um atvinnumálin einkenndist af óskinni um meira framboð atvinnutækifæra, aukna fjölbreytni og hærra menntunarstig. Meðal leiða sem nefndar voru í því sambandi voru „stuðningur við frumkvöðla“ og að „greiða götu nýrra fyrirtækja“.

Varðandi fjölgun íbúa, var kallað eftir auknu framboði á lóðum og húsnæði bæði til leigu og kaups. Nefnt var að sveitarfélagið þurfi að eiga íbúðir til útleigu, fyrir fólk sem vill prófa að búa í Hvalfjarðarsveit. Einnig var spurt „hvernig fáum við fyrirtæki til þess að fjárfesta í að reisa hús?“. Spurt var hvers vegna ekki sé eftirspurn eftir lóðum á Hagamel.

Rætt var um valkostinn sem er mitt á milli þess að búa í þéttbýli og í sveit, þ.e. litla landskika / smábýlabyggð, þar sem fólk gæti verið með einhvern sjálfsþurftarbúskap og/eða hesta. Þá var kallað eftir hverfi fyrir hobbýbúskap, sem ekki þyrfti endilega að tengjast búsetu.

Rætt var um kynningu til að laða fólk að, m.a. ungt fólk og að gefa mætti út upplýsingabækling fyrir nýja íbúa.

Úr framtíðarferð 2023

Með styrkingu innviða og fjölgun íbúa í hæfilega þéttri byggð, sveit við borg.

Gefið fleirum kost á að njóta með okkur. Þéttari byggð.

Fengum aðila til að byggja íbúðir til útleigu.

Auðvelda hobbýbúskap ekki bara þéttbýli og sveitabæir.

Hjálpuðum hvert öðru við uppbyggingu við menntun og nýsköpun í atvinnumálum.

Fjölbreytt atvinnulíf blómstrar út um allt sveitarfélagið.

Góð atvinnutækifæri.

Náðum að þróa frekari smáiðnað í tengslum við stóriðjuna.

Öflugur landbúnaður, umhverfisvænn sé stundaður í sveitarfélaginu og í sátt við samfélagið.

Þetta með styrkingu innviða og fjölgun íbúa í hæfilega þéttri byggð (sveit við borg), þá erum við að nýta það að Hvalfjarðarsveit er náttúrulega í óvenjulegri stöðu að því leytinu að hún býður upp á þetta að fólk getur sótt vinnu á Akranesi, í Borgarnesi, í Reykjavík. Erum tiltölulega miðsvæðis og það er engin ástæða til að halda að fólk vilji flytja hingað til að búa í þéttbýli. Við erum ekki þéttbýlissveitarfélag. En fólk vill að sjálfsögðu líka búa í sveit án þess að vera að stunda landbúnað, þannig að við þurfum að horfa vítt á þessi skipulagsmál og greiða fyrir þessu.

Það er ekki bara okkar styrkur að fá fleira fólk inn í þetta samfélag heldur þess líka, en það skiptir okkur talsvert miklu máli að byggðin þéttist svolítið og verði fleiri sem njóta vegna þess að það styrkir allt sem við eigum hérna í sveitarfélaginu, það styrkir allt hvað annað.

12. SAMGÖNGUR, STÍGAR OG ÖRYGGI

Í umræðum um samgöngur voru stígar annars vegar og umferðaröryggi hins vegar, fyrirferðarmest.

Afgerandi óskir komu fram um aukna uppbyggingu hjóla- og göngustíga til að tengja byggðina og auka möguleika íbúa til hreyfingar og útivistar.

Talað var um hættuleg gatnamót, sérstaklega að Þjóðvegi 1 og kallað eftir auknu umferðaröryggi almennt.

Fram kom ósk um að malarvegir verði malbikaðir og að viðhald vega verði betra.

Varðandi Melahverfi var rætt um aðrein inn í hverfið og frekari hraðatakmarkanir innan hverfisins.

Þá var rætt um almenningsamgöngur og auk þess að þurfi að „jafna aðstöðu íbúa – vantar skýra stefnu í samgöngumálum“.



Úr framtíðarferð 2023

Allir vegir malbikaðir og hættulegum gatnamótum útrýmt.

Góðar samgöngur á milli svæða hafa eftt samfélagið og samkennd.

Sameiginlegar hjólreiðaferðir og/eða hestaferðir eftir bættari samgöngur.

Malbikaðir hjólreiða- og göngustígar.

Aðstaða fyrir mótorkross og fjórhjól, góðir reiðstígar.

Hjólandi til skóla og til baka heim (Melahverfi) krakkar.

Löguðum samgöngurnar og gerðum þær öruggari.

Samgöngumál: Hjólreiðastígar, strætóleiðir.

Leystum samgöngumál farsællega.

Krökkum gert kleift að hjóla í skólann og fólk hugsar um heilsuna.

Samgöngumál hafa auðveldað fólki að hafa betri samskipti. Þá helst hjólreiðastígar og strætóleiðir.



13. SKÓLAMÁL OG DAGVISTUN

Eins og sjá má í kafla 2, „Er að takast vel“ ríkir almenn ánægja með skólastarf í Hvalfjarðarsveit, bæði aðbúnað og innra starf. Þó var bent á að „sveitarfélagið er að leggja mikið fjármagn í fræðslu- og skólamál. Þarf að skila árangri. Hvað viljum við fá út úr þessu?“.

Einhverjir töldu æskilegt að veita meira fjármagni til að sinna þörfum barna með skerta námsgetu t.d. með verklegu námi.

Fram kom áhersla á virðingu fyrir þeirri þekkingu sem er til staðar, „henda ekki allri þekkingu út á einu bretti“.

Nokkur umræða varð um dagvistun og leiðir til að láta hana falla að þörfum foreldra í fullri vinnu. Þar kom m.a. fram:

- Dagvistun – hvaða leiðir er hægt að fara?
- Hægt væri að bjóða upp á gæslu milli 7.30 – 8 fyrir skólabörn sem færu svo með skólabílnum.
- Vantar gæslu eftir kl. 14.30 fyrir vinnandi fólk með vinnutíma til 16 og 17 – gæti t.d. nýtt leikskólann.
- Væri hægt að nýta stjórnarsýsluhúsið til gæslu? Eða stækka leikskólann – vantar sal.
- Hafa gæslu fyrir yngstu skólabörnin t.d. í leikskólanum í Melahverfi til að auðvelda foreldrum að sækja vinnu.

Úr framtíðarferð 2023

Með góðum skólum og þjónustu.

Fjölgun skólabarna – vegna sérstöðu skóla, góð aðstaða.

Mörkuðum skólunum enn sterkari sérstöðu með handverks- og landbúnaðar áherslum – gátum þannig unnið gott starf með virkum börnum.



14. FERÐAÞJÓNUSTA OG MENNING

Auk almennrar umræðu um atvinnumál, var töluvert rætt um möguleika í ferðaþjónustu og töldu þátttakendur Hvalfjarðarsveit hafa mikla möguleika á því sviði, m.a. í náttúru- og menningartengdri ferðaþjónustu.

Rætt var um staði þar sem bæta þarf aðstöðu, viðhalda og/eða sinna. Nefnt var aðkoma, stígar, merkingar, salerni, upplýsingaskilti; örnefni, kennileiti, útsýnistaðir, bekkir og borð.

Einhverjir staðir innan sveitarfélagsins gætu verið komnir að þolmörkum, m.a. Botnsdalur, samkvæmt þinggestum. Einnig var rætt um Glym. Gjaldtaka kom til umræðu og voru skilaboðin þau að sveitarfélag og landeigendur þyrftu að marka um það stefnu í sameiningu.

Herminjar eru hluti af merkum menningarverðmætum í Hvalfirði og er hluti þeirra að grotna niður. Þar er ásókn sem getur valdið kostnaði. Þarna þurfa sveitarfélagið og landeigendur líka að taka höndum saman, sögðu þátttakendur.



Úr framtíðarferð 2023

Ferðaþjónusta í blóma.

Áhugavert skoðunarsvæði.

Góður sunnudagsbiltúr – slagorð t.d. afþreying.

Menning og saga – gerð góð skil og aðgengileg ferðamönnum.

Hlúðum að menningunni á svæðinu.

Drógum fram menningararfinn.

Það þarf að hlúa að menningunni hérna líka. Hún er auðvitað hluti af öllu sem við gerum saman. Við þurfum líka að huga að þessari menningu sem við eigum hér og megum ekki týna, því það eru ýmsir þættir hér innan Hvalfjarðarsveitar sem eru mikilvægir, fyrir ekki bara okkur, heldur aðra líka.



15. ÍMYND OG SJÁLFSMYND

Gestum á íbúáþinginu varð tíðrætt um ímynd Hvalfjarðarsveitar og áttu sér þá ósk að hún geti orðið sterkari og jákvæðari.

Umræða um ímynd er yfirleitt á huglægum forsendum og þarf að kryfja nánar til að hægt sé að skilgreina ímynd staðar, marka stefnu um hvernig henni skal breytt og meta síðan árangur. Það sem hér fer á eftir er ekki byggt á neinum óbyggjandi gögnum, heldur vangaveltum höfundar þessarar samantektar, út frá umræðu á íbúáþinginu og reynslu víða annars staðar af landinu.

Fyrir sameiningu í Hvalfjarðarsveit var gjarnan talað um sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar og því átti svæðið sér ákveðna sameiginlega ímynd, þó heitið sé nú annað. Síðan voru og eru kannski enn, Hvalfjörðurinn, hvalveiðar, Saurbær og Hallgrímur Pétursson, herseta í seinni heimsstyrjöld, Botnsskáli og Ferstikla hluti af ímynd Hvalfjarðarsveitar, svo eitthvað sé nefnt. Einstakir ferðaþjónustustaðir í Hvalfjarðarsveit hafa skapað sér nafn, en þegar þeir markaðssetja sig, þarf ekki endilega að tengja það heiti sveitarfélagsins, ólíkt sambærilegri þjónustu í þéttbýli. Starfsemin á Grundartanga er sterkur hluti af ímynd svæðisins, þó hún virðist ekkert síður tengjast Akranesi en Hvalfjarðarsveit í hugum margra landsmanna. Fram kom á þinginu að auk þess að hafa raunverulegar áhyggjur af mengunarmálum, telja íbúar starfsemina á Grundartanga hafa neikvæð áhrif á ímyndina þó um leið sé hún grunnurinn að fjárhagslegum styrk sveitarfélagsins. Nefnt var: „Bæta ímynd > fræðsla um Grundartanga“.

Það má velta því fyrir sér þegar fjallað er um ímynd, hvernig hún tengist sjálfsmynd samfélags. Umræðan á þinginu bendir til ákalls eftir, ekki aðeins ímynd, heldur sjálfsmynd. Það tekur tíma að byggja upp sjálfsmynd samfélags. Hvalfjarðarsveit er nýtt samfélag sem slíkt og hefur, þrátt fyrir

ríkídæmi í náttúru, sögu og fjárhagsstöðu, ekki sama forskot og svæði eða staðir með fleiri íbúa, meiri þjónustu, fleiri samkomustaði og félagasamtök.

Ef byggt er á því jákvæða sem til er innan sveitarfélagsins og markvissri vinnu, er tvímælalaust hægt að leggja mörg lóð á vogarskálar jákvæðrar ímyndar og sjálfsmyndar. Ólíklegt er þó að hægt sé að byggja upp sumt af því sem þátttakendur á þinginu létu sig dreyma um, t.d. í verslun og þjónustu.

Úr framtíðarferð 2023

Skýr – ímynd, sérstaða, nútímavætt sveitarfélag.

Náðum að skapa sterka og jákvæða ímynd.

Metnaður og jákvæðni.

Settum orku í að búa til jákvæða sjálfsímynd sem speglaðist út í nærumhverfið. Þessi sjálfsímynd byggðist upp á þáttum sem sneru að: Öllum aldurshópum, atvinnumöguleikum, ásýnd sveitabæja, alls umhverfisins, samveru – afþreyingu.



17. STÓRIR DRAUMAR



Í lok íbúapingsins settust þátttakendur í hring og tóku ýmis mál úr umræðu dagsins, lengra og dýpra. Bent var á að aftur og aftur komu upp á þinginu, orð sem byrjuðu á „sam...“, samstaða, samvera, samfélag og svo framvegis. Þarna fléttaðist saman umræða um drauminn um samverustað og góða aðstöðu til útivistar.

Til varð hugmynd um nokkra staði sem geta sem ein heild uppfyllt ólíkar þarfir; fjall, fjara, skógur, útivist og menning. Þetta eru Skógræktin í Fannahlíð, Akrafjall og Stóra Fellsöxl en þar er aðgengi að fjöru. Þá er „Grunnafjörður, vel varðveitt leyndarmál, fuglalíf og fleira“, eins og einhver sagði. Fram kom að Menningar- og atvinnumálanefnd Hvalfjarðarsveitar hefur verið að vinna hugmyndir um Fannahlíð sem menningarsetur. Allir þessir staðir og möguleikar eru innan sama svæðis og gætu, ef hægt er að láta hugmyndir verða að veruleika, orðið sá samverustaður sem íbúa dreymir um, haft aðdráttarafl fyrir ferðamenn og eflt jákvæða ímynd Hvalfjarðarsveitar. Þess skal þó getið að bent var á að Stóra Fellsöxl er innan þynningarsvæðis verksmiðjanna á Grundartanga.

Huga þyrfti að aðgengi, uppbyggingu aðstöðu, s.s. stíga og áningarstaða. Einnig að vanda merkingar og upplýsingagjöf.

Slíkt verkefni gæti einnig komið til móts við óskir fólks um að vinna saman að sameiginlegu verkefni, fyrir hag heildarinnar, við eitthvað sem allir gætu fengið að njóta.

Það, hvort þetta væri mögulegt eða talið ákjósanlegt, ræðst af ýmsum forsendum, m.a. eignarhaldi á landi.



18. HVERT ER VERKEFNIÐ?

Skilaboð íbúapingsins benda til þess að Hvalfjarðarsveit standi á tímamótum. Að nú, sjö árum eftir sameiningu sé komið að því að Hvalfjarðarsveit ákveði „...hvað hún vill verða þegar hún verður stór“.

Hvalfjarðarsveit hefur margt að bjóða íbúum, náttúrugæði og –fegurð, sögu og menningarminjar og góða skóla, svo eitthvað sé nefnt. Búsetugæðin eru önnur en í þéttbýli og svo mun alltaf verða.

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er góð, sem skapar ýmsa möguleika, en það viðhorf er líka nokkuð sterkt meðal íbúa að sveitarfélagið eigi að sjá fyrir margvíslegum hlutum og jafnvel að hægt eigi að vera að senda inn óskalista.

Löngunin eftir umhverfisvænni ímynd stangast á við stóriðju á Grundartanga, sem þó er fjárhagsleg forsenda sveitarfélagsins og samneyslunnar.

Skipulagslega er Hvalfjarðarsveit samsett úr nokkrum einingum og atvinnustarfsemi, skólar og íbúðabyggð er ekki tengt. Ekki er neinn augljós „samastaður“, þar sem íbúar hittast og rækta tengsl og vitund um samfélag.

Til að efla atvinnulíf og fjölga íbúum þarf að huga að húsnæðismálum og e.t.v. laða að ný fyrirtæki. Fram kom ánægja með það sem verið er að gera í ferðapjónustu.

Kallað er eftir aukinni samstöðu, bæði innan sveitarstjórnar og í samfélaginu.

Hvert er þá verkefnið sem blasir við sveitarstjórn og íbúum nú?

Ef það er allt þetta sem tíundað hefur verið í þessum kafla, gætu næstu skref í einstökum málum verið þessi:

- **Jafnvægi við stóriðjuímynd**
 - Hvað þarf til að íbúar geti treyst mengunarvörnum og eftirliti vegna starfsemi á Grundartanga?
 - Markvisst umhverfisstarf sveitarfélagsins, inn og út á við.
- **Samastaður**
 - Setja krafta og fjármuni í að búa til samastað. Tvennt var nefnt, íþróttahús og útivistarparadís.
 - Gjarnan verkefni sem býður upp á virka þátttöku íbúa.
- **Húsnæðismál**
 - Kanna framboð og eftirspurn og meta kosti og galla þess að auka framboð, með aðkomu sveitarfélagsins, byggingarverktaka og lánastofnana.
- **Atvinnumál**
 - Hvað getur Hvalfjarðarsveit boðið nýjum fyrirtækjum?
 - Hverjir væru samstarfsaðilar, t.d. Faxaflóahafnir.
- **Tengja saman í skipulagi**
 - Er hægt að tengja svæðin betur saman með vegum eða stígum? Samanber umræðu um göngu- og hjólastíg úr Melahverfi í Heiðarskóla.
- **Menning og saga**
 - Gera meira úr menningu og sögu, t.d. herminjum.
- **Þátttaka íbúa**
 - Hægt væri að bjóða íbúum með skipulegum hætti, aðkomu að tilteknum ákvörðunum um forgangsöröðun verkefna og fjármuna.

Afraksturinn yrði sterkari ímynd og sjálfsmynd og þéttara samfélag.

19. AÐ LOKUM

Staða Hvalfjarðarsveitar er ólík flestum sveitarfélögum á Íslandi. Viðfangsefnin til framtíðar eru snúin og varða allt frá skipulagsmálum til samstöðu og samfélagsvitundar. Á móti kemur að fjárhagsstaða sveitarfélagsins er sterk.

Núgildandi aðalskipulag gildir til ársins 2020, eða í sjö ár í viðbót, sem er jafn langur tími og sveitarfélagið hefur verið til, eftir sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Ef til vill er ekki hægt að bíða svo lengi með að svara spurningunni um hvað Hvalfjarðarsveit ætlar að verða „...þegar hún verður stór“. Hluti þeirrar spurningar er hvort Hvalfjarðarsveit verður sjálfstætt sveitarfélag til framtíðar, eða er sameining við önnur sveitarfélög í kortunum?

Á íbúáþinginu ríkti kraftur og jákvæður andi og var mjög ánægjulegt að eiga þennan dag með íbúum í Hvalfjarðarsveit.

Í kynningu fyrir íbúáþingið sagði: „Sveitarstjórn hyggst hlusta á skilaboð íbúa og hafa þau til hliðsjónar við sína ákvarðanatöku. Gefnar verða upplýsingar eftir þingið um hvernig unnið var úr skilaboðum“.

Mikilvægt er að gefa þá svörun sem hér er lofað og veita upplýsingar um hvaða mál verða sett í farveg og hvernig. Sveitarstjórn myndi þá byrja á að marka um það stefnu og síðan halda fund og/eða senda út frétt eða samantekt til íbúa.

Sveitarstjórn og stýrihópur fá bestu þakkir fyrir gott samstarf og góðar óskir við að fylgja skilaboðum þingsins eftir.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir

